



# Námsáætlun

**ENSK3le05 vorönn 2021**

**Kennari: Fríða Gyfadóttir (fridag@fg.is)**

Áfanginn er fyrir nemendur á leiklistarbraut og aðra sem áhuga hafa á leiklist og bókmenntum. Kynntar eru helstu bókmenntir hins enskumælandi menningarheims og lesin valin verk. Nemendur fá þjálfun í að lesa, skilja, læra, flytja og semja texta.

## **Markmið:**

**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu bókmenntum, leikhefðum, höfundum og skáldum og bókmenntasögu menningu í enskumælandi löndum
- stjórnámálum, fjölmiðlum og sögu og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun í þeim löndum þar sem enska er töluð
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér lesefni í áframhaldandi námi og starfi tengdu leiklist og bókmenntum

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja vel texta á sviði leiklistar, s.s. lesefni, leiksýningar og leiklestur
- lesa sér til ánægju eða upplýsingar texta sem gera miklar kröfur til lesandans, hvað varðar orðaforða og uppbyggingu, myndmál og stílbrögð
- tjá sig af öryggi um málefni sem lúta að umfjöllun um bókmenntaverk, flutning þeirra og tjáningarmáta
- læra texta og flytja fyrir áhorfendur
- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem á við

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um leiklist, sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn
- átta sig á mismunandi málsniði og stíl í töluðu máli og undirliggjandi viðhorfum og tilgangi þess sem talar, sem er metið með verkefnum og munnlegri framsögn
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í texta, s.s. í bókmenntaverkum og öðrum textum, sem er metið með verkefnum og prófum
- geta lagt gagnrýnið mat á texta, listrænt gildi hans, túlkunarmöguleika o.fl., sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn
- geta flutt vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, sem er metið með verkefnum og munnlegri framsögn
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýnan hátt, sem er metið með verkefnum og prófum
- beita málinu til að geta tekið þátt í umræðum og rökræðum, sem er metið með munnlegri framsögn
- tjá tilfinningar, nota hugarflugið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli, sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn



## Kennslugögn:

*Burial Rites* by Hannah Kent

*Romeo and Juliet* by William Shakespeare

*The Crucible* by Arthur Miller

Ljóð hjá kennara

Kjörbók: 1984 by George Orwell

*I Know Why the Caged Bird Sings* by Maya Angelou

*The Vanishing Half* by Britt Bennett

*You Have a Match* by Emma Lord

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Kynning á áfanga <i>Burial Rites</i>		
02. 1.-5. mars.	<i>Burial Rites</i>		6.mars úrsagnareindagi
03. 8.-12. mars.	<i>Burial Rites</i>	<i>Burial Rites 25%</i>	
04. 15.-19. mars.	Poems		
05. 22.-26. mars.	Poems	Poems 10%	Miðannarmat hefst. 26.-27. mars. Námsmatsdagur, sjúkrapróf
<b>29.-6. apríl</b>	<b>Páskafrí</b>		
06. 7. apr.-9.apr.	<i>The Crucible</i>		
07. 12.-16. apr.	<i>The Crucible</i>	<i>The Crucible 15%</i>	
08. 19.-23. apr.	<i>Romeo and Juliet</i>		23.apr.sumardagurinn fyrsti.
09. 26-30.apr.	<i>Romeo and Juliet</i>		28. apríl námsmatsdagur, sjúkrapróf.
10. 3.-7. maí.	<i>Romeo and Juliet</i>	<i>Romeo and Juliet 20%</i>	
11. 10.-14. maí.	Kjörbók		
12. 17.-21. Maí.	Kjörbók	Kjörbók 20 %	

### Próf eru 22.-26. maí.

- Ekkert lokapróf er í áfanganum en mikil áhersla er lögð á að nemendur mæti í alla tíma og vinni vel.
- Áætlun er ekki bindandi og getur breyst í samráði við nemendur.
- Nemendum ber að skila verkefnum í gegnum Innu og/eða Turnitin. Ekki verður tekið við verkefnum í tölvupósti nema í samráði við kennara.

20. febrúar 2020



- Prófum og verkefnum verður að ljúka á tilsettum tíma. Ef verkefnum er ekki skilað á réttum tíma dregst – 1 frá einkunn fyrir hvern dag í allt að 3 daga. Eftir þann tíma verður ekki tekið við verkefnum. Í sérstökum tilvikum skulu nemendur hafa samband við kennara, t.d. með tölvupósti. Sé nemandi ekki skráður veikir þegar próf eru lögð fyrir á hann ekki rétt á að taka sjúkrapróf.
- Nemandi sem ekki lýkur prófum á önninni vegna veikinda, þarf að gera ráð fyrir að mæta í sjúkrapróf á námsmatsdögum á önninni og/eða í lok annar.
- Vinsamlegast látið kennara vita, t.d. með tölvupósti eða samtali, ef þið eigið í sérstökum erfiðleikum í námi, t.d. vegna dyslexíu eða langvinnra veikinda.

## Námsmat:

### Annarvinna 100%.

Introduction – 2%

Burial Rites – 25%

The Crucible –15%

Romeo and Juliet 20%

Poems – 10%

Kjörbók – 18%

Ástundun og virkni 8%

**Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá einkunnina 4,5 fyrir verkefni úr kjörbók. Nemandi þarf að skila kjörbókaverkefni inn í Turnitin. Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 5,0 í lokaeinkunn.**

**Vinnuálag** : Vinna í 5 eininga áfanga á að vera 90 til 120 klst. vinna á önn. **Par af eru 36 til 56 klukkustundir fyrir utan skólastofuna.**

**Smiðja**: Þar sem er lokapróf þurfa nemendur að fá a.m.k. 4,5 í einkunn til að standast áfangann. Allir nemendur þurfa a.m.k. 5,0 í lokaeinkunn til að standast áfangann.

### Ritstuldur (Plagiarism)

Nemandi sem tekur texta beint af vefsíðu (*copy/paste*) eða upp úr bók geri sig sekan um ritstuld. Þegar nemandi tekur orðréttan og stafaréttan texta annars í ritsmíð sína er talað um beinar tilvitnanir. **Stutt tilvitnun** (færri en 40 orð eða 2-3 línur) fellur eðlilega inn í texta og er afmörkuð með gæsalöppum. **Lengri tilvitnanir** eru afmarkaðar með því að draga orðréttu málsgreinarnar inn sem nemur fimm stafabilum og minnka línubil úr 1,5 í 1. Nemendum er ráðlagt að nota langar tilvitnanir í hófi og miða við að bein tilvitnun sé ekki lengri en sem nemur 10 línur. **Óbeinar tilvitnanir** kallast það þegar nemandi endursegir og umorðar texta annars og notar í ritsmíð sína. **Heimildaskrá** sýnir hvaðan aðfengið efni er komið. <http://fg.is/thjonusta/bokasafn/heimildir/>

**Nemandi sem staðinn er að ritstuldi fær einkunnina núll fyrir verkefnið.**

Með von um farsæla önn og ánægjulegt samstarf!

Fríða Gylfadóttir